

Leikskólar á Akureyri þjóða ykkur velkomin



Leikskólinn er fyrsta skólastigið þar sem lagður er grunnur að skólagöngu barna. Aðalnámsskrá leikskóla og Skólastefna Akureyrar eru stefnumótandi leiðarvísar um uppeldisstörf í leikskólum og byggjast á markmiðslýsingu laga um leikskóla og reglugerð um starfsemi þeirra. Aðalnámsskráin er leiðarvísir fyrir alla sem vinna að uppeldi og menntun barna í leikskóla og er sveigjanlegur rammi um störf þeirra. Á grundvelli markmiða laga um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla hafa verið settir fram eftirfarandi grunnþættir menntunar: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Grunnþættirnir eru sameiginleg leiðarljós í menntun, uppeldi og umönnun í leikskólum og eiga að fléttast inn í allt leikskólastarfið. Hver leikskóli gerir eigin skólanámsskrá og starfsáætlun.

Í leikskólunum á Akureyri er m.a. lögð áhersla á þekkingu, leikni, virðingu og vellíðan ásamt því að lögð er áhersla á að hvert barn læri að vinna með öðrum, að deila með öðrum, læri samkennd og að taka tillit til annarra.



Umsókn í leikskóla

Sækja þarf um leikskóla á rafrænu formi á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is, Mikilvægt er að umsóknin sé nákvæmlega útfyllt.

Foreldrar sem óska eftir leikskóla fyrir börn sín þurfa að skila inn umsóknum eigi síðar en 15. febrúar það ár.

Viðmiðunarreglur við innritun í leikskóla

Innritun í leikskóla

- Börn eru innrituð í leikskóla eftir kennitölum þ.e. eftir aldri. Þó má gera undantekningu varðandi systkini til að tryggja yngra barni skólavist í sama skóla og eldra barni. Forsendur eru að eldra barnið eigi eftir a.m.k. sex mánuði af leikskólagöngu sinni.
- Foreldrar fá tilboð um innritun barns á því ári sem það verður tveggja ára.
- Aðalinnritun í leikskóla er á vori, en börn hefja leikskólagöngu sína oftast að vori eða hausti.*
- Reynt er að mæta óskum foreldra um innritun í ákveðna leikskóla.

Vakin skal athygli á því að við innritun í leikskóla getur þurft að taka tillit til þess aldursviðmiðs og tíma sem laus er í hverjum leikskóla. Fræðsluvið getur hafnað beiðni um ákveðinn leikskóla vegna sérstakra aðstæðna skólans.

*Aðalinnritun hefst í marsmánuði. Við innritun fá foreldrar senda tilkynningu í tölvupósti með upplýsingum um hvaða leikskóli stendur þeim til boða fyrir barn sitt. Leikskólastjórar gefa allar nánari upplýsingar s.s. um tímasetningar og fyrirkomulag aðlögunar barna. Tímasetning aðlögunar ræðst aðallega af tveim þáttum þ.e. sumarlokun leikskólans og uppsögnum barna af elsta árgangi. Börn eru því að byrja leikskólagöngu sína á mismunandi tímum frá maílokum fram í september, allt eftir aðstæðum hvers skóla fyrir sig. Fjöldi barna í skóla ræðst af stærð hans og lýkur innritun þegar þeim barnafjöldi hefur verið náð. Ef börn hætta í leikskólanum yfir vetrarmánuðina eru ný börn innrituð.



Rekstur leikskóla Akureyrarbæjar



Haustið 2017 verða starfandi níu leikskólar á Akureyri. Átta leikskólar verða reknir af Akureyrarbæ: Hulduheimar (Kot og Sel), lðavöllur, Kiðagil, Krógaból, Lundarsel, Naustatjörn, Pálmholt (efra og neðra) og Tröllaborgir.

Leikskólinn Hólmasól er rekin af Hjallastefnunni ehf. með styrk frá Akureyrarbæ. Einnig rekur Akureyrarbær leikskóla-deildir í samvinnu við grunnskólana í Hrísey og Grímsey, þegar á þarf að halda



Leikskólinn Hulduheimar
Skólástjóri: Snjólaug Brjánsdóttir



Hulduheimar hefur tvær starfsstöðvar, Síðusel og Holtakot



Einkunnarorð skólans: Velliðan – Virkni – Velferð

Velliðan – Lögð er áhersla á að öllum líði vel, því ef einstaklingum líður vel, eykur það hæfni þeirra til að blómstara og dafna.

Virkni – Lögð er áhersla á að efla börnin í eigin námi og starfi, því börn læra best með því að gera.

Velferð – Stuðlað er að velferð barnanna með því að leggja góðan grunn svo einstaklingarnir geti notið sín í lýðræðislegu samfélagi í framtíðinni.

Aðaláhersla Hulduheima er „Lífsleikni í leikskóla“ sem litar allt starf skólans. Í námsefninu eru teknar saman kenningar ýmissa fræðimanna sem snúa að mannrækt og siðferðilegu gildismati í samfélagi manna. Markmið lífsleiknikennslunnar er að efla siðferðisvitund barna og fullorðinna. Þetta er gert í gegnum leik og vinnu með dygðir í þeim tilgangi að vera bæði góðar og fróðar manneskjur.

Síðusel, Kjalarsíða 3
Fjöldi deilda: 3
Fjöldi barna: 65
Sími: 462 3034

Holtakot, Þverholti 3 – 5
Fjöldi deilda: 1
Fjöldi barna: 37
Sími: 462 7081

Netfang: hulduheimar@akureyri.is

Heimasíða: <http://hulduh.is>



Leikskólinn Iðavöllur v. Gránufélagsgötu
Skólástjóri: Kristlaug Þ. Svavarsdóttir



Fjöldi barna: 90
Fjöldi deilda: 4
Sími: 414-3740
Netfang: idavollur@akur-eyri.is



Einkunnarorð: Þar er leikur að læra

Leikskólinn Iðavöllur er staðsettur á Oddeyri, einu elsta hverfi Akureyrar. Oddeyrarskóli er í sama hverfi og er mikið og gott samstarf á milli skólanna.

Starfsfólk skólans leggur áherslu á faglegt uppeldis- og menntastarf sem tekur mið af því að gefa börnum fjölbreytt tækifæri til að læra með því að uppgötva og reyna sjálf í gegnum leik.

Daglegt líf á Iðavelli snýst því um leik, athafnir, verkefni og samskipti. Verkefni snúast oftast en ekki um áhugamál barnanna og leitast er við að horfa á sterku hliðar hvers og eins, bæði barna og kennara. Unnið er fyrst og fremst í félagi við börnin eins og vinnubrögð kennd við Reggio Emilia byggja á.

Frábært eldhús Iðavallar sér börnum og starfsfólki skólans fyrir hollri næringu sem er undirstaða vellíðunar og heilbrigðis. Helstu markmið skólans eru að öllum líði vel í skólanum, að jákvæð samskipti séu ríkjandi og að hver einstaklingur fái að njóta sín. Mikil áhersla er lögð á traust og jákvæð samskipti við fjölskyldur barnanna. Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans, <http://idavollur.is>.



Leikskólinn Kiðagil, Kiðagili 9
Skólástjóri: Inda Björk Gunnarsdóttir



Fjöldi barna: 100
Fjöldi deilda: 4
Sími: 414-3770
Netfang: kidagil@akureyri.is
Heimasíða: <http://kida.is>

Einkunnarorð: Fagmennska – Virðing - Leikur og læsi

Leikskólinn Kiðagil er í Giljahverfi nyrst í Akureyrarbæ. Giljaskóli er á næstu lóð og er markvisst og gott samstarf á milli skólanna tveggja.

Hugmyndafræði skólans byggir á læsi og því að einstaklingar sýni hverjum öðrum virðingu í leik og starfi. Í skólanum er leitast við að einstaklingarnir styrki hver annan og beri virðingu fyrir námi hvers og eins. Með aukinni þjálfun í læsi í viðum skilningi, þjálfast einstaklingar í uppbyggjandi samskiptum, jákvæðni og hjálpsemi.

Áherslur skólans: Leikskólinn vann að þróunarverkefni 2009-2011 sem ber heitið Leikskóla-læsi. Markmið verkefnisins er að veita börnunum markvissa og heildstæða lestrarkennslu frá upphafi skólagöngu þeirra um leið og málskilningur þeirra er dýpkaður og orðaforðinn aukinn. Unnið er með SMT- skólafærni, með það að markmiði að skapa gott andrúmsloft í skólum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsmanna. Árið 2012 fékk Kiðagil sjálfstæðisviðurkenningu sem SMT styðjandi skólafærni leikskóli.

Kiðagil er leikskóli á grænni grein. Leikskólinn hefur þrisvar fengið Grænfánanna afhentan, 2010, 2012 og 2014.



Leikskólinn Krógaból í Gleráarkirkju
Skólástjóri: Anna R. Árnadóttir



Fjöldi barna: 107

Fjöldi deilda: 5

Netfang: krogabol@akureyri.is

Sími: 462 7060

Heimasíða: <http://krogabol.is>

Heilsuleikskólinn Krógaból er í Síðuhverfi og er staðsettur á neðri hæð Gleráarkirkju, stutt frá Síðuskóla og er mjög gott samstarf milli skólanna. Deildir leikskólans eru 5 og eru einn til tveir árgangar á hverri deild. Markmið heilsuleikskóla er að stuðla að heilsuefingu

innan leikskólans með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik. Í heilsustefnunni er lögð áhersla á að venja börn strax í barnæsku við heilbrigða lífshætti með það í huga að þeir verði hluti af lífsstíl þeirra til framtíðar.

Unnið er með kennsluefnið Lífsleikni í leikskóla þar sem lögð er áhersla á að börnin tileinki sér lífsleikni í gegnum allt nám leikskólans. Lífsleikni byggist á alhliða þroska, færni til samskipta, rökrænnar tjáningar og að bera virðingu fyrir umhverfi sínu. Markmið lífsleikni-kennslunnar er að efla síðferðisvitund barna og fullorðinna í þeim tilgangi að verða bæði góð og fróð manneskja.

Krógaból hefur frá haustinu 2014 verið í þróunarverkefni um læsi í samstarfi við Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Markmiðið með þróunarverkefninu er að vinna með málþroska og læsi í gegnum leik og sköpun á fjölbreyttan og skapandi hátt m.a. með því að nota snjalltækni.

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans, <http://krogabol.is>



Leikskólinn Lundarsel, Hlíðarlundi 4
Skólastjóri: Björg Sigurvinsdóttir



Fjöldi barna: 90

Fjöldi deilda: 4

Sími: 462 5883

Netfang: lundarsel@akureyri.is

Heimasíða: <http://lundarsel.is>

Einkunnarorð: Þar sem glaðir spekingar leika og læra saman.

Leikskólinn Lundarsel er staðsettur á efri-brekkunni, í rótgrónu hverfi við hliðina á Lundarskóla og eru skólarnir í mjög góðu samstarfi. Lundarsel er rúmlega 30 ára gamall skóli í sífelldri þróun. Einkunnarorð skólans eru: „Þar sem glaðir spekingar leika og læra saman“ og er það jafnframt skilgreint sem uppeldisstofna leikskólans.

Leikskólastarfið er fjölbreytt og má þar t.d. nefna vinnu með barnaheimspeki og verkefni um jafnrétti. Börnum er eðlislægt að vera forvitin og rannsakandi og samkvæmt hugmyndafræði barnaheimspekinnar er mikilvægara að kenna börnum að spyrja spurninga en að fræða þau með endanlegum svörum. Heimspekin eflir gagnrýna, skapandi og umhyggjusama hugsun.

Starfsfólk skólans leggur metnað sinn í faglegt, uppeldislegt og gleðiríkt starf. Það skoðar líka starfið með kynjafræðilegum gleraugum með það að leiðarljósi að allir séu jafnir, strákar og stelpur, kyn á aldrei að hamla, hefta eða loka á óskir. Lífstjáning barnsins endurspeglast í leiknum sem er ein mikilvægasta náms- og þroskaleið hvers barns.

Heilsuefning og heilbrigði er líka ein af áherslum skólans, því mikilvægt er að leikskólanámið fari fram jafnt utan dyra sem innan. Þetta er gert með skipulögðum hreyfistundum, útiveru og vettvangsferðum. Vinna við að efla sjálfsmynd og sjálfstjórn barna skipar stóran sess. Unnið er með SMT-skólafærni til að skapa gott andrúmsloft, tryggja öryggi og velferð allra í leikskólanum. Einkunnarorð Lundarsels, „Þar sem glaðir spekingar leika og læra saman“, er tilvísun í gleðina sem felst í leiknu, við að leita svara og rannsaka sjálfur. Allir eru að læra, börn jafnt sem fullorðnir.

Leikskólinn Naustatjörn, Hólmatúni 2
Skólastjóri: Jónína Hauksdóttir



Fjöldi barna: 136
Fjöldi deilda: 6

Sími: 414-3750
Netfang: naustatjorn@akureyri.is
Heimasíða: <http://naustatjorn.is>



Leikskólinn Naustatjörn er staðsettur í nýjasta hverfi bæjarins, Naustahverfi. Naustaskóli er við hlið leikskólans og er mikið og gott samstarf á milli skólanna.

Sýn Naustatjarnar er að börn og kennarar noti samfélag sitt, menningu og náttúru til að verða sjálfstæðir og ábyrgir einstaklingar sem virða og lifa í sátt og samlyndi við umhverfi sitt og hvert annað.

Sex deildir eru við skólann, fjórar í húsnæði leikskólans en tvær í húsnæði grunnskólans.

Mismunandi er hvort deildir eru með einn árgang eða tvo. Það ræðst af barnahópnum hverju sinni.

Hugmyndafræði Naustatjarnar er að börnin fái að kljást við margvísleg verkefni í gegnum leik í samræmi við hugmyndir sínar og að þau læri með því að prófa sig áfram. Verkefni barnanna eru ögrandi. Þannig efla verkefni þroska barnanna og vitneskju þeirra, auk þess sem börnin læra í félagslegum samskiptum við aðra. Hlutverk hins fullorðna er að nota opnar spurningar, hvetja börnin til að reyna nýja hluti og leiða þau áfram svo þau komist sjálf að niðurstöðu.

Aðal áhersluþættir skólans eru náttúra og umhverfi og samfélag og menning. Mikil áhersla er lögð á umhverfismennt við skólann og hefur hann fengið Grænfánann afhentan þrisvar, árin 2007, 2009, 2011, 2013, 2015 og 2017.

Naustatjörn vinnur samkvæmt agastefnunni Jákvæður agi (Positive discipline). Í nokkrum orðum er jákvæður agi kennsla í félagsfærni og lífsleikni. Lögð er áhersla á góðvild og festu, gagnkvæma virðingu, lausnaleit, að líta á mistök sem tækifæri til að læra, eftirfylgni og þá trú að okkur gengur betur þegar okkur líður vel.

Leikskólinn Pálmholt v/Pingvallastræti

Skólástjóri: Erna Rós Ingvarsdóttir

Fjöldi barna: 130

Fjöldi deilda: 5

Sími: 462-6602

Netfang: palmholt@akureyri.is

Heimasíða: <http://palmholt.is>



Einkunarorð skólans eru: Gleði, traust og virðing



Leikskólinn Pálmholt er rekin í tveim húsum. Alls eru 5 deildir í leikskólanum, 2 deildir í efra húsi og 3 deildir í neðra húsi. Húsunum er aldursskipt, yngstu börnin eru í efra húsinu og eldri í því neðra.

Lögð er mikil áhersla á leikinn því sú reynsla sem barnið öðlast í gegnum leik er vænlegasta námsleiðin. Þetta samræmist kenningum Lev Vygotsky sem sagði að allar athafnir sem barnið upplifir í félagslegu samhengi verði að innri reynslu og kunnáttu. Unnið er með alla námsþætti gegnum leik og sköpun og leitast við að virkja sjálfsprottinn áhuga barnanna. Börnin eru hvött til sjálfshjálpur og sjálfstæðis með það að markmiði að efla sjálfsmynd þeirra og sjálfstraust.

Skólinn vinnur samkvæmt SMT-styðjandi skólafærni en markmiðið er að skapa gott andrúmsloft í skólanum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfá félagsfærni, gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna neikvæða hegðun.

Umhverfismennt og umhverfisvernd er mjög stór þáttur í faglegu starfi skólans. Efra húsið hlaut Grænfánann fyrst í júní 2007 og neðra húsið fékk sinn Grænfána fyrst árið 2009.

Í leikskólanum er lögð áhersla á lestrarhvetjandi umhverfi. Börnin kynnast bókum, sögum, þulum og ljóðum. Þau læra að hlusta, segja frá, njóta sagnahefðarinnar og fá tækifæri til lestrar, umræðu og stuðning til þess að öðlast færni við lestur.

Foreldraráð hefur verið virkt frá haustinu 2008 og foreldrafélag í áratugi. Pálmholt á farsæl samskipti við Lundarskóla sem er grunnskólinn í hverfinu.

Mikil áhersla er lögð á hlýlegan og glaðlegan staðblæ leikskólans þar sem persónuleg og uppbyggileg samskipti starfsmanna, nemenda og foreldra eru höfð að leiðarljósi. Nokkrum sinnum á ári er foreldrum boðið í sérstakar foreldraheimsóknir en þess utan eru foreldrar ávallt velkomnir í leikskólann.

Leikskólinn Tröllaborgir, Tröllagili 29

Skólustjóri: Jakobína E. Áskelsdóttir

Fjöldi deilda: 5

Fjöldi barna: 115

Sími: 469 4700

Netfang: trollaborgir@akureyri.is

Heimasíða: <http://trollaborgir.is>



Einkunnarorð: Hugur - Hjarta - Hönd

Leikskólinn Tröllaborgir er staðsettur í Giljahverfi.

Skólinn er á tveimur neðstu hæðunum í 9 hæða blokk sem er byggð af Félagssstofnun stúdenta á Akureyri.

Akureyrarbær sér um rekstur leikskólans og hefur hann starfað frá 2004. Haustið 2017 var opnuð ný deild, staðsett í húsnæði Glerárskóla og er hún eingöngu fyrir 5 ára börn.

Sýn Tröllaborga er að vinna með og samþætta „hug, hjarta og hönd“, í allri starfsemi skólans þannig að jafnvægi verði á milli þekkingar, tilfinninga og framkvæmdar í öllu starfi. Sýn leikskólans byggir á þeirri trú að með því að efla og styrkja hið góða í hverjum einstaklingi skapist góður grunnur fyrir leik og nám barna. Hvert barn byggir síðan þar ofan á, út frá eigin forsendum og getu. Til að ná þessu fram er unnið eftir hugmyndafræði um lífsleikni, auk þess sem áhersla er lögð á læsi í víðum skilningi og jóga.

Lífsleikni byggir á kenningum sem snúa að mannrækt, siðferðilegu gildismati og þeirri trú að efla og styrkja hið góða í hverjum einstaklingi, bæði börnum og fullorðnum. Unnið er með tólf dygðir sem námsleiðir til að kenna siðferði s.s. ábyrgð, samkennd, virðingu og þolinmæði. Dygðirnar stuðla að sjálfsstjórn í gegnum leik og nám þannig að börnin skilji þær og noti í daglegu starfi.

Læsi í víðum skilningi er samþætt öllu starfi í Tröllaborgum. Í gegnum lífsleiknina læra börnin tilfinningalæsi sem stuðlar að góðri sjálfsmynd og sjálfsöryggi. Í dygðavinnu læra börnin jákvæð samskipti sín á milli, auka orðaforða sinn og dýpka málskilning. Lögð er áhersla á að umhverfi barnanna ýti undir læsi m.a. með myndrænu dagskipulagi og merkingum sem eru þá sett upp í lesátt. Í daglegu starfi er unnið með þulur, rím, sögur, leiki og stafi.



Jóga skapar börnum tækifæri til að ná betri slökun og ró í leik og námi sem er mikilvægt í því hraða samfélagi sem við lifum í. Jóga með börnum fellur því afar vel að lífsleiknistarfinu þar sem unnið er með umhyggju, vellíðan, ró, samkennd og hlýju.

AGN Einnig er unnið eftir hugmyndafræði sem nefnist Aukin gæði náms – skólaþróun í þágu nemenda (AGN) með það að markmiði að skapa börnum og starfsmönnum góð skilyrði til náms og þroska.

Leikskólinn Hólmasól v/Helgamagrastræti ...
Skólástjóri: Alfa Björk Kristinsdóttir



Fjöldi barna: 148
Fjöldi kjarna: 6

Sími: 461 5363

Netfang: holmasol@hjalli.is

Skólinn er rekinn af Hjallastefnunni ehf.

Einkunnarorð: Skapandi hugsun - Jafnrétti - Jákvæðni - Gleði – Agi

Leikskólinn Hólmasól er staðsettur á neðri-brekkunni og er Brekkuskóli samstarfs- grunnskóli leikskólans. Í Hólmasól eru sex kjarnar, þrír stúlknakjarnar og þrír drengjakjarnar. Yngstu börnin eru á sér kjörnum á neðri hæð leikskólans og þau eldri á fjórum kjörnum á efri hæðinni.

Hugmyndafræði leikskólans byggir á kynjanámsskrá Hjallastefnunnar. Markmið skólans er að sinna þörfum einstaklinga, efla jákvæðni og gleði og er umhverfið einfalt og gegnsætt.

Í Hjallastefnunni er unnið með opinn efnivið þar sem sköpunargáfa barnanna ræður ríkjum. Í skólanum er borin mikil virðing fyrir umhverfinu og er börnunum kenndur jákvæður agi.

Markmið kynjaskipts leikskólastarfs er jákvæð kynjablöndun þar sem báðum kynjum er gert kleift að mætast á jafningjagrundvelli þar sem hvorugt kyn þarf að gjalda fyrir kyn sitt. Annars vegar eru kynin styrkt hvort í sínu lagi og hins vegar hittast kynin í sérstökum stundum þar sem fullorðnir tryggja jákvæð samskipti og raunverulegt samstarf. Heimasíða skólans er <http://www.hjalli.is/holmasol/>

Hríseyjarskóli - Smábær v/Hólabraut Hrísey
Leikskólastjóri: Þórunn Björg Arnórsdóttir



Fjöldi barna: 6
Fjöldi deilda: 1

Sími: 466 1782
Netfang: thorunna@akureyri.is

Einkunnarorð:
Manngildi - Þekking - Metnaður

Hríseyjarskóli er samrekin leik- og grunnskóli. Hlutverk hans er að vera aðlaðandi og hlýlegur vinnustaður þar sem nemendum og starfsfólki líður vel. Skólinn á að bjóða upp á fjölbreytt og skapandi nám frá 1 árs til 16 ára aldri, sem stuðlar að alhliða þroska nemenda. Markmiðið er að nemendur verði sjálfstæðir og skapandi einstaklingar, virkir og ábyrgir í samfélaginu. Í skólastarfinu er áhersla lögð á umhverfismál og að því að nemendur ljúki grunnskóla meðvituð um mikilvægi þeirra.

Framtíðarsýn skólans er að vera lærdómssamfélag þar sem nemendur, foreldrar og starfsmenn eru virkir þátttakendur. Að umgjörð skólans sé örvandi fyrir nemendur og starfsfólk hans svo allir fái tækifæri til að nýta hæfileika sína og krafta í jákvæðu og hvetjandi umhverfi. Að skólasamfélagið skapi góðar minningar fyrir nemendur og að eftir skólagönguna séu þeir ánægðir með upplifun sína og lífsreynslu. Nemendur virkja sköpunarkraft sinn til góðra verka og tileinka sér heilbrigðan lífsstíl og jákvæð samskipti. Að nemendur átti sig á kostum og fjölbreytileika samfélagsins og að þau verði læs á umhverfi sitt og að þeir átti sig á þeim forréttindum sem smæð samfélagsins og nálægðin við náttúruna er.

Manngildi: Nemendum er kennt að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum ásamt því að hæfileikar hvers og eins fá að njóta sín í skólastarfinu.

Þekking: Þekking nemenda er aukin og eflað með fjölbreyttum verkefnum og leiðum ásamt því að nemendum er kennt að vera sjálfstæðir í þekkingarleit sinni.

Metnaður: Skólinn hefur sett sér háleit markmið sem skólasamfélagið leggur sig saman um að ná.

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans <http://www.hriseyjarskoli.is>

Grímseyjarskóli, Grímsey
Skólastjóri: Karen Nótt Halldórsdóttir



Leikskóladeild Grímseyjarskóla er ekki starfrækt skólaárið 2017 - 2018

Sími: 467 3168
Fjöldi deilda:
Fjöldi barna:
Netfang: knh@akmennt.is

Leiðarljós: Manngildi - Þekking - Metnaður

Manngildi; í Grímseyjarskóla er lögð áhersla á að nemendur og kennarar komi vel fram við alla og beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Þá er lögð áhersla á félagsþroska og tengsl nemenda hver við annan.

Þekking; áhersla er á fjölbreyttar kennsluáferðir svo mæta megi þörfum og áhugasviði hvers nemanda eins vel og kostur er. Tenging við umhverfið er mikil.

Metnaður; leitast er við að nemendur sýni metnað í öllu starfi sem tengist skólanum hvort sem um er að ræða nám, samskipti, umgengni eða aðra þætti skólastarfsins.

Grímseyjarskóli er staðsettur í Múla sem er félagsmiðstöð bæjarins, en það er fjölnota húsnæði. Þar er einnig bókasafn, sjoppa og auk þess er aðstaða fyrir lækni sem kemur einu sinni í mánuði. Í Grímseyjarskóla eru 4 nemendur í leikskóladeild og 13 nemendur í 1.-8. bekk. Lögð er áhersla á sjálfstæði og einstaklingsmiðaða kennsluhætti, en um leið er unnið að því að nemendur læri að vinna saman á árangursríkan hátt. Í litlum skóla gefst gott tækifæri til að efla félagsvitund og þroska nemenda þar sem 8 árgöngum er kennt í tveimur stofum. Lögð er áhersla á félagsfærni og samvinnu. Unnið er á fjölbreyttan hátt með börnunum og þeim gefin tækifæri til að þroskast sem einstaklingar um leið og þau læra að vinna með og í sátt við aðra.



Yfirstjórn

Fræðslunefnd Akureyrarbæjar er stjórnarnefnd mála-
flokksins en dagleg yfirstjórn leikskólamála á er í höndum
fræðslusviðs Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, 1. hæð

Skrifstofa fræðslusviðs er opin frá kl. 8:00-16:00.

Sími 460 1455.

netfang: fraedslusvid@akureyri.is.

heimasíða: www.akureyri.is



Starfsfólk leikskóla

Leikskólastjóri er yfirmaður leikskóla og ber ábyrgð á faglegri og rekstrarlegri starfsemi hans. Aðstoðarleikskólastjóri er staðgengill leikskólastjóra. Innan hvernar deildar leikskóla starfa stjórnendur sem bera ábyrgð á og stjórna deildarstarfinu. Allt starfsfólk leikskólans vinnur að uppeldi og menntun barnanna og hefur virðingu og umhyggju að leiðarljósi.

Starfsfólk er bundið þagnarskyldu en þagnarskyldan nær ekki til atvika sem ber að tilkynna samkvæmt barnaverndarlögum.

PMTO – styðjandi foreldrafærni og SMT – skólafærni á Akureyri

PMTO – foreldrafærni, stendur fyrir "Parent Management Training Oregon aðferð". PMTO er þjónusta við börn, foreldra og skóla sem hefur það meginmarkmið að fyrirbyggja alvarlega hegðunarerfiðleika og taka markvisst á hegðun barna með aðferðum PMTO. Unnið er með ákveðin verkfæri sem stuðla að jákvæðari hegðun barns. SMT- skólafærni, (útfærsla á bandarísku aðferðinni positive Behavior Support/ PBS) byggir á hugmyndafræði PMTO. SMT-skólafærni er hlíðstæð aðferð og PMTO þar sem lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr hegðunarvanda með því m.a. að kenna og þjálfra félagsfærni, hvetja æskilega hegðun og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Akureyrarbæjar: <https://www.akureyri.is/is/thjonusta/menntun/pmto-foreldraferni> eða hjá Guðbjörgu Ingimundardóttur verkefnisstjóra á fræðsluviði, s: 460-1417.

Þeir skólar sem velja að innleiða ekki SMT – skólafærni hafa valið aðra viðurkennda aðferðafræði við agastjórnun og uppeldi s.s. Uppbyggingastefnuna eða „Jákvæðan aga“.

Skólalþjónusta

[Fræðsluvið](#) sinnir sérfræðiþjónustu við grunn- og leikskóla að því er varðar málefni einstakra nemenda. Starfsmenn skóla og foreldrar geta sótt um sérfræðiþjónustu fyrir börn á "Tilvísun til sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla" og er umsóknum skilað á skrifstofu fræðsluviðs. Umsóknareyðublöðin má fá í öllum leik- og grunnskólum bæjarins og á skrifstofu fræðsluviðs, Glerárgötu 26.

Sem dæmi um vanda barns sem leitað er aðstoðar fyrir má nefna sértæka námserfiðleika, þroskafrávik, hegðunarvanda, einelti og tilfinningalega erfiðleika.

Starfsmenn meta vanda barns með prófunum, viðtölum og skoðun á stöðu barnsins og gera tillögur um úrbætur í samvinnu við fjölskyldu og skóla.

Nauðsynlegt getur verið að leita eftir þjónustu víðar t.d.á [Barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans](#), [Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins](#), [FSA](#), [HAK](#) eða hjá öðrum aðilum og vísa þá starfsmenn deildarinnar á viðeigandi stofnun í samvinnu við foreldra.